

og ber því að sýkna verjanda málsins, hreppsnefnd Hofshrepps, af öllum kröfum sækjanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir ekki verða komizt hjá að dæma sækjanda til að greiða nokkurn málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hreppsnefnd Hofshrepps á að vera sýkn af kröfum sækjanda í máli þessu.

Sækjandi málsins, Hjálmar Þorgilsson, Kambi, greiði hreppsnefnd Hofshrepps kr. 500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1955.

Nr. 25/1955. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Guðna Þórðarsyni (Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali, dags. 3. júní 1954, er ákærða gefið að sök, að hann hafi stundað ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa atvinnuréttindi sem ljósmyndari. Í málinu hefur verið leitt í ljós, að ákærði tók að sér árið 1952 eftir beiðni framkvæmdastjóra Iðnsýningarinnar, sem haldin var í Reykjavík nefnt ár, að stækka nokkrar ljósmyndir, sem hafa átti á veggjum sýningarhússins. Vann hann verk þetta að nokkru leyti einn og að nokkru leyti ásamt öðrum nafngreindum manni. Fyrir starf þetta tók ákærði greiðslu, og eru reikningar hans fyrir það dagsettir í september 1952. Enn fremur kveðst ákærði hafa tekið ljósmyndir fyrir allmarga fleiri aðilja gegn gjaldi, en þar sem ekkert hefur verið frekar grennslast eftir því í prófum málsins, hvenær þetta hafi átt sér stað né um nánari

atvik að því, kemur ekki til álita að meta ákærða það til sakar.

Með ákvæðum 2. málsgr. 2. gr. og 1. töluliðs 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á lögum nr. 18/1927 er lögð refsing við því að reka iðnað án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi. Verk það, sem ákærði vann fyrir Iðnsýninguna, þykir út af fyrir sig ekki nægja til að telja hann hafa rekið iðnað í merkingu nefndra laga-graina. Og þar sem ekki er leitt í ljós, að ákærði hafi lagt stund á ljósmyndagerð með þeim hætti, að talið verði til iðn-rekstrar, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1700.00.

Dómsorð :

Ákærði, Guðni Þórðarson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin mál-flutningslaun sækjanda málsins í Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlög-manns, samtals kl. 1700.00.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Mál þetta er mjög vanprófað í héraði. Eigi sést, að reikn-ingar þeir, sem lagðir hafa verið fram í málinu, hafi verið bornir undir ákærða né hann spurður að því, hvornig fjárhæð þeirra var skipt milli hans og Hjálmars Bárðarsonar. Þá hafa forstöðumenn Iðnsýningarinnar 1952 eigi verið kvaddir vættis í málinu til að spyrja þá um skipti þeirra við ákærða.

Loks hefur ákærði ekki verið spurður rækilega um tilkostnað hans við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýningu þessa, sem þó var ástæða til.

Ákærði hefur kannast við að hafa tekið ljósmyndir fyrir allmarga aðilja og að hafa haft nokkrar tekjur af því, en eigi hefur þetta verið rannsakað nánar.

Þá hefur vitnið Sigurður Guðmundsson skýrt frá því, að það hafi haft spurnir af, að ákærði hafi tekið myndir fyrir Samband ísl. samvinnufélaga, en eigi sést, að ákærði hafi verið um þetta spurður né það rannsakað á annan hátt. Loks hefði þurft að afla gagna um, hversu miklu tekjur ákærða af ljósmyndastarfi hans hafi numið eftir 13. maí 1951, að því er næst verður komizt.

Vegna þessara megingalla á rannsókn máls þessa í héraði þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin greiðsla málflutningslauna sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar fellst ekki á ómerkingu héraðsdóms, mun ég samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um Hæstarétt, nr. 112/1935, greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 16. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarar af Stefáni Guðjohnsen,

fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5868/1954: Ákærvaldið gegn Guðna Þórðarsyni, sem þingfest var og dómtekið 15. október s.l.

Málið er höfðað gegn ákærða, Guðna Þórðarsyni blaðamanni, til heimilis að Barmahlíð 17, hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 3. júní 1954, þar sem gegn ákærða er höfðað opinbert mál fyrir brot á lögum um iðju og iðnað nr. 18 frá 1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. 13. gr., sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að stunda ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem ljósmyndari, sérstaklega árið 1952, er hann bjó til og seldi „Iðnsýningunni 1952“ ljósmyndir fyrir rúmlega kr. 29.000.00 og bjó til í félagi með Hjálmari R. Bárðarsyni skipaverkfræðingi og seldi sömu sýningu ljósmyndir fyrir svipaða upphæð.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hvítanesi í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, 24. maí 1923.

Hann hefur ekki sætt ákæru né refsingu fyrr, svo að kunnugt sé. Málavextir eru þessir:

Með bréfi Ljósmyndarafélags Íslands, dagsettu 8. maí 1953, er kært yfir því til sakadómara, að tveir menn, ákærði í máli þessu og Hjálmar Bárðarson skipaverkfræðingur, virðist stunda ljósmyndun og ljósmyndagerð almennt gegn greiðslu, þannig að telja verði starfsemi þeirra sem atvinnu.

Í kærubréfi er sérstök athygli vakin á því, að ofangreindir menn hafi tekið að sér mikla vinnu við ljósmyndagerð fyrir iðnsýningu, sem haldin var í Reykjavík haustið 1952, og haft miklar tekjur af.

Í máli ákærða hófst svo rannsókn 13. maí 1953 í sakadómi Reykjavíkur. Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Guðmundsson ljósmyndari, formaður Ljósmyndarafélags Íslands. Hann staðfesti framán greint kærubréf og undirskrift sína undir það. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki iðnréttindi í ljósmyndun, en hafi þó stundað mikið ljósmyndatöku undanfarin ár. Vitnið kveðst vita til þess, að ákærði hafi haft mikla vinnu við ljósmyndun fyrir Iðnsýninguna 1952. Vitnið segir, að myndir ákærða hafi verið illa unnar frá faglegu sjónarmiði. Það kveðst hafa heyrt, að ákærði hafi stundað ljósmyndun fyrir Samband íslenzkra samvinnufélaga svo og fréttaljósmyndir fyrir blöð, en Ljósmyndarafélagið hafi þó látið hið síðastnefnda afskiptalaust. Vitnið lagði þá fram ljósprentuð eftirrit reikninga frá ákærða til Iðnsýningarinnar fyrir ljósmyndir. Sumir reikningarnir eru sameiginlega frá ákærða og Hjálmari Bárðarsyni. Vitnið telur, að ákærði hafi með framangreindri ljósmyndun og ljósmyndagerð framið skýlaust brot á iðnlöggjöfinni.

Framangreindir reikningar eru 8 að tölu, dagsettir í maí og sept.

ember 1952. Þeir sýna, að ákærði hefur framleitt og selt Iðnsýningunni 1952 ljósmyndir einn og einnig í félagi við Hjálmar Bárðarson, og eru það kr. 43.190.00, sem ákærði þannig fékk greiddar frá Iðnsýningunni. Upphæðin er ranglega talin kr. 29.000.00 í ákæruskjali.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að ekki hafi hann lært ljósmyndun og sé því ekki faglærður ljósmyndari. Ákærði kveðst undanfarin ár hafa stundað ljósmyndun í tómstundum og oft fyrir greiðslu. Hann kveðst hafa tekið ljósmyndir fyrir allmarga aðilja, m. a. Iðnsýninguna 1952. Ákærði tók þó fram, að hann hefði bent forstjóra Iðnsýningarinnar á að leita til faglærðs ljósmyndara, er hann leitaði til ákærða, en lét tilleiðast að taka verkið að sér, þegar í ljós kom, að fagljosmyndarar höfðu ekki þær myndir né myndastærð, sem óskað var eftir. Tekjur kveðst ákærði hafa haft nokkrar af þessari tómstundavinnu sinni, sem þó ekki yfirleitt hafi farið fram úr tilkostnaði.

Ákærði taldi, að sér væri þessi starfsemi heimil að lögum. Ákærði óskaði bókað, að formaður Ljósmyndarafélagsins hafi í mörg ár vitað um starfsemi ákærða, en ekki hreyft kæru fyrr en nú, og taldi hann, að það, að hann væri nú kærður, væri ofsókn gegn sér af pólitískum toga spunnin. Aldrei kveðst ákærði hafa auglýst sig sem ljósmyndara né sótt eftir vinnu við ljósmyndun.

Ákærða var skipaður verjandi í málinu, Kristján Guðlaugsson hrl., að eigin ósk.

Í varnarskjali er krafizt sýknu til handa ákærða. Því er hreyft þar, að starfsemi ákærða sé tómstundavinna og verði að teljast heimilisiðnaður. Hún falli því ekki undir II. kafla laga nr. 18 frá 1927 með breytingu laga nr. 105/1936.

Dómurinn getur þó ekki á þetta fallizt. Dómurinn lítur svo á, að ljósmyndun og ljósmyndagerð ákærða undanfarin ár, sem hann hefur stundað í allstórum stíl fyrir borgun og virzt hafa alldrjúgar tekjur af, einkum frá Iðnsýningunni 1952, falli af greindum ástæðum undir lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir, og hafi ákærði því með starfsemi sinni, sem líta verður á, að sé stunduð í atvinnuskyni, farið inn á svið faglærðra manna í lögverndaðri iðngrein.

Með framangreindri starfsemi sinni lítur því dómurinn svo á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við lagaákvæði, sem réttilega eru tilgreind í ákæruskjali.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927 sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936, og þykir hún með hliðsjón af alldrjúgum tekjum ákærða af starfseminni hæfilega ákveðin 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt lítillaga vegna embættisanna dómara.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Þórðarson, greiði 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugs-sonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1955.

Nr. 26/1955. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Hjálvari Rögnvaldi Bárðarsyni

(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali, dags. 3. júní 1954, er ákærða gefið að sök, að hann hafi stundað ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem ljósmyndari. Í málinu hefur verið leitt í ljós, að ákærði tók að sér árið 1952 ásamt öðrum nafngreindum manni eftir beiðni framkvæmdastjóra Iðnsýningarinnar, sem haldin var í Reykjavík nefnt ár, að stækka nokkrar ljósmyndir, sem hafa átti á veggjum sýningarhússins. Fyrir starf þetta tók ákærði greiðslu, og eru reikningar hans fyrir það dagsettir í september 1952. Þá hefur ákærði lýst því, að hann hafi stundum látið í té myndir gegn gjaldi, ef leitað væri eftir þeim, sérstaklega tiltekinni opinberri stofnun, en þar sem ekkert hefur verið frekar grennslast eftir því í prófum málsins, hvenær þetta hafi átt sér stað né um nánari atvik að því, kemur ekki til álita að meta ákærða það til sakar.